

5. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um laun hins setta skólameistara.

1873.

31. janúar.

Í bréfi 6. nóvbr. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, að skólameistari við hinn lærða skóla í Reykjavík Jens Sigurðsson sè andaður, og hafið þér jafnframt leitað samþykkis stjórnarráðsins til þess, að þér 4. s. m. hafið sett yfirkennara Jón Þorkelsson til að standa fyrir skólameistara-embættinu jafnframt því, að hann sè yfirkennari við skólann eins og áður, og ávísað honum eptir 6 vikur liðnar frá því, er hann var settur skólameistari, helming skólameistara-launa eða 66 rd. 64 sk. á mánuði. Þér hafið einnig borið upp þá spurningu, hvort hann ennfremur hefði tilkall til helmings launaviðbótar þeirrar, sem samkvæmt lögum 26. marzm. 1870 er lögð til skólameistara embættisins; sem er 9 rd. á mánuði, og yrði það alls á mánuði 75 rd. 64 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á framkvæmdir yðar í þessu máli, og skal þess jafnframt getið, að yfirkennari Jón Þorkelsson skuli sem settur skólameistari hafa í laun 75 rd. 64 sk. alls á mánuði frá þeim degi, er hann var settur, ef hann er í þeirri stöðu fram yfir 6 vikur (sbr. lög 26. marz 1870, 6. gr.).

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til aðalpóststjórnarinnar, um póstaftgreiðslustað í Skaptafellssýslu.

8. febrúar.

Með þessu bréfi gefst aðalpóststjórninni til vitundar, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir skýrt svo frá, að hann samkvæmt því valdi, sem stjórnarráðið hefir veitt bonum, hafi gjört þá breytingu á auglýsingu um póstmál á Íslandi, 3. maí f. á., að póstaftgreiðslustaðurinn í Skaptafellssýslu, sem samkvæmt tæðri

1873. auglýsing skyldi vera á Kirkjubæjarklaustri, er nú settur á
8. febrúar. Prestbakka.

13. febrúar. 7. Reglugjörð, sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Til þess að koma á betra skipulagi um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Árið frá nýjári til nýjárs er reikningsár fyrir gjaldheimtur þær til landssjóðsins, sem sýslumönnum og bæjarfógetum og umboðsmönnum hins konunglega jarðagóz er trúað fyrir.

Breytingin frá reikningsári því, sem nú er, til þess það verði talið frá nýjári til nýjárs, verður á þann hátt, að hinn fyrsti reikningur, sem gjöra skal til 31. desbr., nær yfir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873.

2. grein.

Reikningana skal gjöra innan loka febrúarmán. þess árs, sem í hönd fer, og senda þá í tvennu lagi ásamt með tilheyrandi fylgiskjölum hlutaðeiganda amtmanni áleiðis til landshöfðingja með fyrstu póstferð þar á eftir. Í sama mund skal senda landfógetanum á Íslandi endurrit af reikningunum án fylgiskjala.

3. grein.

Reikningshaldararnir skulu heimta saman gjöld þau, sem þeim er trúað fyrir, er þau koma í gjalddaga, og, ef þess þarf við, gjöra ráðstafanir til að þau verði tekin lög taki svo fljótt sem verða má, samkvæmt lögum þeim, sem um það gilda.